

Dómsorð:

Ákærði, Snorri Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans frá 16. júní 1956.

Hann skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 4000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1956.

Nr. 47/1955. H/f Kveldúlfur (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sigurði Karlssyni og gagnsök

(Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. marz 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Krefst hann þess, að skaðabætur þær og málskostnaður, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði hvort tveggja fært niður að miklum mun. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 12. maí 1955 gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. maí 1955. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 482.712.79 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir Hæstarétti hefur eigi verið véfengd niðurstaða héraðsdóms um skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda vegna slyss þess,

er í málinu greinir. Er því nú einungis ágreiningur um fjárhæð skaðabóta.

Hinn 12. september 1956 athugaði Bergþór Smári læknir heilsufar gagnáfrýjanda af nýju. Telur læknirinn eigi vera efni til að breyta fyrra örorkumati. Er það því óbreytt 38%.

- | | |
|---|----------------|
| 1. Rétt telst að staðfesta ákvæði héraðs-dóms um, að örorkubætur skuli vera .. | kr. 210.000.00 |
| 2. Bætur fyrir atvinnutjón frá slysdegi 25. ágúst 1951 til 24. september 1952 þykja hæfilegar | — 40.000.00 |
| 3. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum metast hæfilegar | — 35.000.00 |

Samtals kr. 285.000.00

En frá þeirri fjárhæð dragast áður greiddar — 2.600.00

Alls kr. 282.400.00

og ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, h/f Kveldúlfur, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Karlssyni, kr. 282.400.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Sigurður Karlsson sjómaður, Dyngjuveg 12, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. febrúar 1953, gegn Kveldúlfi h/f, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 482.712.79, með 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til 1. apríl 1952 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi.

Mál þetta hefur verið rekið fyrir bæjarþinginu með samkomulagi aðilja.

Málsatvik eru þau, að þann 25. ágúst 1951 lá b/v Gyllir, eign stefnda, við bryggju á Hjalteyri við Eyjafjörð vegna síldarlöndunar. Að lokinni löndun voru lestuð kol. Þurfti þá að snúa skipinu, til þess að lestað yrði í kolageymslur bakborðsmegin. Var það verk hafið laust eftir kl. 22.30. Dimmt var af nóttu, en ljós á skipinu og á bryggju og sjólaust. Skömmu áður en byrjað var að snúa skipinu, kom 1. vélstjóri þess á stjórnþall til skipstjórans. Telur skipstjórinn, að vélstjórinn hafi verið undir áhrifum áfengis, en þó eigi meira en svo, að hann hafi talið hann færan um að gegna störfum sínum. Er farið var að snúa skipinu, var skipstjórinn á stjórnþalli, en 1. vélstjóri einn á verði í vélarrúmi. Frammi á hvalbak skipsins voru þeir að störfum 1. stýrimaður og 2 hásetar. Var stefnandi annar þeirra. Skipinu var síðan snúið í hæfilegt horf við bryggjuna og tvær landfestar úr stálvír festar í hana. Var aflvél skipsins síðan látin vinna hægt aftur á bak, en eftir hæfilegan tíma kveðst skipstjórinn hafa gefið skipun í vélarrúmið um að stöðva vélina. Er skipið var orðið ferðlitið, urðu menn þeir, sem á hvalbaknum voru, þess varir, að ferðin aftur á bak jókst mjög skyndilega. Kallaði 1. stýrimaður þá til skipstjórans, að skipið færi hart aftur á bak. Í því slitnuðu báðar landfestarnar, og slóst endi annarrar þeirra í stefnanda, og hlaut hann mjög mikil meiðsl.

Skipstjórinn á b/v Gylli hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er hann gaf skipun í vélarrúmið um að stöðva vél skipsins, hafi fyrsti vélstjóri svarað í vélsímann með stöðvun. Þar sem honum hafi virzt sem ekki hefði náðst nægileg ferð á skipið, hafi hann búið sig undir að gefa á ný skipun um hæga ferð aftur á bak, en áður en til þess kæmi, hafi komið aðvörun frá 1. stýrimanni, og í því hafi slysið orðið. Skipsskrúfan muni hafa verið stöðvuð, er hann leit út eftir slysið. Maður einn, er staddur var hjá skipstjóranum á stjórnþalli skipsins í umrætt sinn, kveðst hafa heyrt, er skipstjórinn hringdi í vélarrúmið að stöðva skyldi vélina. Vera kunni, að skipið hafi stöðvazt sem snöggvast, en síðan hafi það verið sett á nokkuð snögga ferð aftur á bak, án þess að ný fyrirskipun hafi verið gefin. Hann hafi séð, að handfang vélsímans stóð þá á stöðvun. Annar maður, er þarna var á stjórnþallinum, kveðst hafa

séð, að handfang vélsímans hafi staðið á stöðvun, er skipið jók ferðina aftur á bak.

Fyrsti stýrimaður skipsins var á hvalbak þess ásamt stefnanda og þriðja manni. Hefur hann skýrt svo frá, að þeir hásetarnir, er þarna voru, hafi haft landfestarnar sína á hvorum vinduöxli og hafi stefnandi verið við stjórnborðsvinduna. Búið hafi verið að taka allan slaka af festunum og skipið orðið svo til ferðlaust, er skyndilega hafi komið á það mikil ferð aftur á bak. Stefnandi hafi þá verið búinn að bregða sinni landfesti þrisvar um vinduöxulinn. Þegar ferð skipsins hafi aukizt, hafi hann misst brögðin af öxlinum. Festin hafi festst á festarhaldi, bolta í þilfari stjórnborðsmegin, og slitnað, en endinn slegizt í stefnanda og meitt hann.

Háseti sá, er var við bakborðsvinduna, hefur skýrt svo frá, að ferð skipsins aftur á bak hafi komið honum algerlega á óvart, en honum hafi tekizt að hlaupa frá, áður en festin slitnaði.

Fyrsti vélstjóri hefur staðhæft, að hann hafi í umrætt sinn framkvæmt skipanir skipstjórans strax og nákvæmlega, án þess að treysta sér til að skýra nákvæmlega frá einstökum skipunum.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er skipið var komið þvert af bryggjunni, hafi honum virzt vélin vera stöðvuð augnablik, en síðan sett á mikla ferð aftur á bak. Allt í einu hafi fyrsti stýrimaður kallað, að skipið væri á fullri ferð aftur á bak, og um leið skipað svo fyrir, að hann skyldi setja eitt bragð til viðbótar um vinduöxulinn til að reyna að draga úr ferð skipsins. Kveðst stefnandi þá hafa gripið í landfestina fyrir aftan sig til að draga hana þannig til og reyna að koma bragði á öxulinn. Allt í einu hafi festin kippzt úr höndum honum og slitnað. Hann hafi skynjað, að endinn myndi lenda á honum miðjum, og því hoppað upp. Endinn á festinni hafi slegizt af miklu afli í vinstra læri hans og hent honum út að handriðinu stjórnborðsmegin. Vöðvarnir á lærinu hafi tætt í sundur og lærleggurinn brotnað þannig, að fóturinn hafi legið þétt upp með vinstri hliðinni. Svo hafi höggið verið mikið, að er hann lenti á handriðinu, hafi brotnað bein í vinstri hendi og allur handleggurinn upp fyrir öxl marizt.

Vegna þessa atburðar var af ákærvaldsins hálfu höfðað mál gegn fyrsta vélstjóra skipsins. Með dómi Siglingadóms, upp kveðnum 24. maí 1952, var honum refsað fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við vélstjórnina í umrætt sinn. Hins vegar var ekki talið sannað, að orsök fyrrgreinds slyss hafi verið mistök hans við stjórn vélarinnar, og var hann því sýknaður af refsikröfum af því efni. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að skipstjórnarmenn b/v Gyllis eigi alla sök á slysi þessu. Annað hvort hafi skipstjórinn gefið skipun um að auka ferð skipsins aftur á bak eða vélstjórinn hafi aukið ferðina án skipunar, en slíkt hafi verið algerlega óforsvaranlegt, eins og á stóð. Umræddir skipstjórnarmenn hafi verið í þjónustu stefnda í þetta sinn, og beri stefndi því fébótaábyrgð á tjónverkum þeirra. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á ákvæði 13. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914 til rökstuðnings kröfum sínum, en stefndi hafi með sérstakri yfirlýsingu tekið á sig ótakmarkaða ábyrgð á fébótum til stefnanda, ef til kæmi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ósannað sé, að slys þetta hafi orðið fyrir mistök skipstjórnarmanna b/v Gyllis. Í málinu hafi ekkert komið fram, er sanni, að skipstjórinn eigi hér nokkra sök, og 1. vélstjóri hafi einmitt verið sýknaður af refsikröfu, vegna þess að talið hafi verið ósannað, að hann ætti sök á slysinu. Komi því ekki til mála að telja stefnda bera fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi hafi beðið af slysi þessu.

Eins og af framangreindu er ljóst, verður að telja orsök slyss þessa þá, að hraði skipsins aftur á bak jókst skyndilega, en það hlýtur að hafa stafað af því, að vél skipsins hefur verið látin vinna aftur á bak. Það er að vísu ósannað í málinu, hvort skipstjórinn gaf fyrirskipun um slíka hraðaaukningu eða vélstjórinn gerði slíkt án skipunar, en ekki verður séð, að það skipti máli í þessu sambandi. Umrædd hraðaaukning var óforsvaranleg, eins og á stóð, og þar sem hún hlýtur að hafa orðið vegna mistaka skipstjórnarmanna skipsins, verður að telja, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlaut, en ekki verður séð, að stefnandi sjálfur eigi hér nokkra sök.

Stefnandi sundurliðar þannig kröfu sína:

1. Örorkubætur	kr. 393.507.34
2. Bætur fyrir atvinnutjón	— 41.805.45
3. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
Kr. 485.312.79	

Frá þessu fé beri að draga kr. 2600.00, sem stefndi hafi þegar greitt, og kemur þannig fram stefnukrafan, kr. 482.712.79. Stefndi hefur krafizt þess, að við ákvörðun bóta verði beitt ákvæðum 225. gr. siglingalaganna, en í síðasta málslið 1. mgr. hennar segir,

að hvorki bætur fyrir mannsbana af árekstri skipa eða fyrir líkamstjón megi fara fram úr kr. 4200.00.

Stefnandi hefur mótmælt því, að nokkurt tillit beri að taka til ákvæðis þessa, enda sé það úrelt og úr gildi fallið vegna síðari tíma réttarþróunar og réttarvenju og eigi auk þess einungis við, ef slys verður við árekstur skipa.

Þegar siglingalögin voru sett, var það talin almenn regla, að bætur fyrir missi fyrirvinnu bæri því aðeins að dæma, að hinn seki hefði orðið valdur að dauða framfærslumanns með refsiverðum hætti, sbr. hegningarlögin frá 1869, 304. gr. Bótaákvæði 225. gr. siglingalaganna voru því rýmri en hin almenna regla. Síðar hefur réttarþróunin stöðugt gengið í þá átt að rýmka fébótaábyrgð eigenda atvinnutækja. Ákvæði 225. gr. siglingalaganna um, að hvorki bætur fyrir missi fyrirvinnu né líkamstjón megi fara fram úr kr. 4200.00 eru komin óbreytt í lögin úr norrænu siglingalögunum, en þar er miðað við verðgildi peninga um 1890. Síðan hafa orðið stórkostlegar breytingar á verðgildi peninga, og kr. 4200.00 eru harla litlar bætur fyrir missi fyrirvinnu eða líkamstjón. Virðist því eðlilegast að telja ákvæði þetta úrelt orðið og dómstólana ekki við það bundna. Með vísan til þessa og þess, að fyrrgreint ákvæði á aðeins við, ef slys verður af árekstri skipa, verður ekki tillit til þess tekið hér.

Rétt þykir að athuga hvern kröfulið stefnanda fyrir sig.

Um 1. Eins og áður getur, hlaut stefnandi opið brot á vinstra lærlegg auk fleiri meiðsla. Strax eftir slysið mæddi hann mjög blóðrás, en þó tókst fljótlega að stöðva blóðrennslið. Læknir var fenginn frá Akureyri, og kom hann eftir rúma klukkustund. Var gert að meiðslum stefnanda til bráðabirgða og hann síðan fluttur til Akureyrar á sjúkrahús. Rannsókn á sjúkrahúsinu leiddi í ljós, að stefnandi hafði hlotið opið beinbrot á vinstra lærlegg, og stóð efri brotendinn út í gegnum fötin. Allir vöðvar framan á lærinu höfðu kramizt í sundur, og innan við og ofan til við aðalsárið voru smágöt á hörundinu. Allur vinstri handleggur var blár og marinn, og V. handarbaksleggur reyndist brotinn rétt ofan við hnúann. Gert var að meiðslum stefnanda, og lá hann síðan á sjúkrahúsinu um 13 vikna skeið, en fór þá til Reykjavíkur. Lá hann þar á sjúkrahúsi frá 1. desember 1951 til 24. desember 1951. Voru brotin tvisvar brotin upp til að reyna að laga skekkju á brotendunum. Enn lá stefnandi á sjúkrahúsi frá 8. til 21. febrúar 1952. Eftir það hefur stefnandi verið heima, en undir læknishendi. Þann 15. september 1952 skoðaði Bergþór Smári læknir stefnanda og mat

örorku hans. Segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 24. september 1952:

„Skoðun 15. sept. 1952. Vinstri ganglimur: Talsvert vantar af *musculus quadriceps femoris*. Er af þeim ástæðum mikil rýrnun á neðsta þriðjung lærsins, einkum utantil, og eru þar mikil ör. Ummál vinstra læris 15 cm ofan efri brúnar hnéskeljar er 35½ cm, en 43 cm á tilsvarendi stað hægra megin. Hreyfing í hnéliðnum (vinstri) er 180/125, það er að segja full rétting (í 180°), en hins vegar beygist liðurinn ekki eðlilega, þar eð heilbrigður maður getur beygt hnéð allt ofan í 30°—35°. Vantar þannig ca 90° í eðlilega beygingu hnéliðarins. Styttning á ganglimnum er ekki mælanleg. Hryggur: Eðlilegur. Við prófun á kröftum í ganglimnum kemur í ljós, að kraftur við réttingu í hnélið (extension) er mikið minnkaður og einnig töluvert minnkaður kraftur við beygingu (flexion). Slasaði gengur dálítið haltur. Vinstri hönd: Missmíði er ekki að finna á miðhandarbeini litla-fingurs. Beyging og rétting í fingurliðunum sæmilega góð, en slasaði virðist þó ekki hafa haft fullt vald yfir fingrinum, og kraftur í honum er talsvert minnkaður.

Niðurstaða: Slasaði hefur hlotið allmikil örkuml, er töluvert af lærvöðvum v. megin hefur tættzt burtu og kraftur í ganglimnum þar með mikið minnkaður, og auk þess er til mikils бага, að hreyfing í hnéliðnum sömu megin er miklu minni en eðlilegt er. Auk þess hefur slasaði hlotið minni háttar örkuml á litla-fingri vinstri handar.

Þar sem ekki er talið líklegt, að ástand slasaða breytist til batnaðar frá því, sem orðið er, telst tímabært að meta varanlega örorku hans vegna slyssins 25. ágúst 1951, og telst hún hæfilega metin 38%.

Sami læknir skoðaði stefnanda þann 15. júní 1954, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 19. s. m.:

„Skoðun 15. júní 1954: Ástand vinstri ganglims virðist óbreytt frá því, sem lýst er í örorkumatinu frá 24. sept. '52, nema að því leyti að nú beygist hnéð betur eða ofan í 70°, en hins vegar er meiri tilkenning nú í hnéliðnum en áður var.

Hryggur: Talsverð hryggskekkja í mjóbaki og bólga í mjóbaks-vöðvum. Kvartar slasaði um tilkenningu, er hann beygir sig niður og réttir úr sér. Vinstri hönd er óbreytt.

Niðurstaða: Í heild sinni má telja, að ástand slasaða sé óbreytt frá því, sem var við nefnt örorkumat. Að vísu er hreyfanleiki hnjáliðarins meiri en áður, en tilkenning í liðnum er meiri og óþægindin í hrygg hafa síður en svo minnkað.

Að þessu athuguðu þykir ekki mögulegt að breyta örorkumatinu frá því, sem áður var ákveðið, og telst örorkan hæfilega metin: 38%."

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út heildarverðmæti tjóns þess, er stefnandi hafi beðið af örorku sinni, miðað við fyrrgreint örorkumat. Hinn sérfróði maður lagði til grundvallar meðalkaup undirmanna á togurum, er hann áætlaði kr. 48.778.20 á árinu 1952. Samkvæmt því taldist honum til, að heildarverðmæti örorkutjóns stefnanda, miðað við 24. september 1952, hefði numið kr. 332.883.00. Reikningur þessi er byggður á 4% ársvöxtum, en ekki tekið tillit til hugsanlegs atvinnuleysis. Taldi hinn sérfróði maður, að hæfilegt myndi vera að lækka fyrrgreinda tölu um 10% til 20% með hliðsjón af því.

Kröfu sína samkvæmt þessum lið fær stefnandi þannig fram, að hann hefur lagt til grundvallar framangreinda tjónsáætlun, kr. 332.883.00, en bætt þar við kr. 100.000.00, vegna þess að hann kveðst hafa ákveðið, áður en hann meiddist, að fara í stýrimannaskólann og ljúka skipstjórnarnámi. Ef honum hefði auðnast það, mundu tekjur hans hafa orðið mun hærri en gert sé ráð fyrir í útreikningum tryggingafræðingsins, og eigi hann rétt á að fá það tjón bætt. Frá þessari fjárhæð, kr. 432.883.00, beri hins vegar að draga kr. 39.375.66, er hann hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og kemur þannig út kröfufjárhæðin, kr. 393.507.34.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og sérstaklega því, að hægt sé að reikna með því, að stefnandi hefði haft atvinnu sem yfirmaður á skipum og því tekjur sem slíkur.

Stefnandi var tvítugur að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Hann var ókvæntur og hafði engan á framfæri sínu. Samkvæmt skattaframtölum námu vinnutekjur hans árið 1948 kr. 8.151.00, árið 1949 kr. 13.688.00, árið 1950 kr. 16.854.00, árið 1951 kr. 31.813.00, árið 1952 kr. 7.148.00 og árið 1953 kr. 18.917.00. Ekki er annað fram komið en stefnandi hafi verið heilsuhraustur.

Þegar allt það er virt, er að framan hefur verið rakið, svo og annað það, er hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur til stefnanda umfram það, sem þegar hefur verið greitt, samkvæmt þessum kröfulið kr. 210.000.00, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að vextir af fé hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a., sem útreikningur tryggingafræðingsins er miðaður við.

Um 2. Kröfulið þenna fær stefnandi þannig fram, að hann telur, að ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, hefðu atvinnutekjur hans

frá slysdegi til 24. september 1952 numið kr. 51.719.85, ef miðað sé við meðaltekjur undirmanna á togurum þenna tíma. Frá þessari fjárhæð beri að draga kr. 5.796.00, er hann hafi fengið greiddar sem dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, og kr. 4.118.40, sem hann hafi unnið sér inn á þessu tímabili. Kemur þannig fram krafa hans, kr. 41.805.45.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og bent á, að ef stefnandi hefði farið til náms um haustið 1951, hefði hann ekki haft neinar tekjur allan veturinn.

Þegar allt það er virt, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 32.000.00.

Um 3. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og hvernig þau höfðust við. Þegar það er virt svo og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 25.000.00.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda alls kr. 267.000.00 (210.000.00 + 32.000.00 + 25.000.00), en frá því ber að draga þær kr. 2.600.00, er stefndi hefur þegar greitt stefnanda.

Stefndi verður því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 264.400.00.

Að því er vexti varðar, þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt vaxtakröfu stefnanda og talið, að vexti beri aðeins að reikna frá stefnudegi. Eftir málavöxtum öllum þykir verða að ákveða árs-vexti 6% og telja þá frá 24. september 1952.

Eftir þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kveldúlfur h/f, greiði stefnanda, Sigurði Karls-syni, kr. 264.400.00 með 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.